



Miðsvetrarfundur LCI 26-28 janúar í Lúxemborg

Fundurinn var haldinn laugardagsmorguninn 27. janúar og hófst kl 08:30.

Minn allra fyrsti fundur á erlendri grundu var í janúar 2015 og var þetta því 7. fundurinn sem ég mæti á erlendis. Á þessum stutta tíma þykja mér fundirnir hafa tekið miklum breytingum þar sem þátttaka allra sem mættir eru er mun meiri en áður hefur tíðkast. Fyrir mitt leyti hefur þetta gert fundina mun áhugaverðari og líflegri. Konur, bæði fulltrúar og gestir úti í sal, eru miklu duglegri við að taka þátt í allri umræðu og koma skoðunum og hugmyndum sínum á framfæri. Virkilega góð og skemmtileg þróun.

Á fundinum nú í Lúxemborg voru fjögur stærri umræðuefni. Tvö sem komu frá alheimsstjórn og tvö frá Möltu. Fyrri umræðuefnið frá alheimsstjórn snýr að þeirri hópavinnu sem hefur verið í gangi og byrjaði á laugardagsfundinum úti í Sönderborg í ágúst síðastliðnum en þá var fulltrúum skipt upp í hópa þar sem voru tekin fyrir ákveðin málefni sem ákveðin höfðu verið af alheimsstjórn þar sem horft var til áhersluþátta Anne alheimsforseta. Þessir hópar hafa síðan haldið saman á lokaðri facebooksíðu og munu gera áfram og tilheyri ég til að mynda fyrsta hópnum.

Hóparnir/umræðuefnin sem um ræðir eru:

1. Charity March/number exchange
2. Side by Side
3. Region / Extension / Growth
4. Marketing and communications – both inside and outside of Ladies circle.

Tilgangur hópanna er að ræða og koma á framfæri hugmyndum til allra hinna og ræða hvaða áhersluatriði hver og einn vill sjá í þessum málaflokkum.

Á fundinum nú í Lúxemborg ræddu hóparnir saman og skiluðu svo af sér smá umræðu til hinna hópanna. Það er óhætt að segja að margir hverjir eru að vinna afar skemmtilegt og oft á tíðum ólíkt starf. Þessi vinna skilaði því líka til að mynda af sér að hópurinn sem hefur verið að skoða þátt tvö „side by side“ komst að þeirri niðurstöðu að breyta þyrfti klausu innan reglna LCI er fjallar um aims and objectives þar sem eingöngu er komið inn á samvinnu við Round Table en hugmyndin með side by side er að horfa ekki eingöngu til Round Table heldur einnig Agora og Tangent. Óskað var eftir því á fundinum að einhver tæki það að sér að senda inn lagabreytingartillögu fyrir AGM fundinn í Haugesund og voru Svíar til í það.

Önnur umræða er kom frá alheimsstjórn og við ræddum allar okkar á milli er hugmynd um hvernig við getum höfðað til yngri kvenna og kynnt samtökin fyrir ungum stúlkum. Gry fráfarandi alheimsforseti ræddi að t.d. í Danmörku væri þeirra helsta áhyggjuefni hve „fullorðnir“ margir klúbbar væru og því oft erfiðara að fá eina og eina unga inn og hafði hún nokkrar áhyggjur af því að innan einhverra ára væri stór hópur kvenna að ganga upp úr samtökunum og erfitt gæti reynst að halda fjöldatölum innan klúbba stöðugum. Gry hefur mikinn áhuga á því að koma á laggirnar svokölluðum „younger groups“ eins og hún talaði um og þá er hugmyndin að ná til stúlkna frá 15/16 ára aldri sem hafa áhuga á starfsemi LC og mynda þannig hópa sem sameinist síðan samtökunum okkar þegar réttum aldri er náð. Þetta verður væntanlega rætt meira á fundinum í haust.

Fyrri umræðuefnið er kom frá Möltu snérist um aldursregluna sem LCI er með varðandi hvenær hætta skuli í samtökunum sökum aldurs og tengslin þar varðandi að sækja um í ferðasjóð. Konur voru ekki sammála um hvernig bæri að túlka þessar reglur þar sem þeirra eigin klúbbareglur sögðu oft eitthvað annað og árstímabil klúbba væri oft ekki það sama og hjá LCI. LCI vildu þó meina að klúbbum væri frjálst að setja sínar eigin reglur varðandi hvernig túlka mætti hvenær kona yrði að hætta. Hvort það væri á sjálfan afmælisdaginn eða hún kláraði út tímabil klúbbsins og reglur LCI segðu ekki til um reglur einstakra klúbba en horfa þyrfti í túlkun LCI varðandi aldurmörk til að sækja um styrk. Konur voru þó á því að skýra þyrfti regluna betur svo hún gæti nýst klúbbum betur til leiðbeiningar og var hugmyndin að taka þetta aftur upp á fundinum í haust.

Seinna málefnið frá Möltu snérist um þá reglu að til að land geti fengið fulla aðild að samtökunum þarf landið að hafa 3 sterka klúbba. Malta vill halda því fram að það sé ekki möguleiki því í litlu og fámennu landi eins og Möltu sé erfitt að fá konur í klúbbana og þær sjái því ekki fram á að ná þessu markmiði næstu árin varðandi að stækka og viðhalda fjölda en enn sem komið er eru þær bara með einn klúbb. Malta vildi að lítil lönd fengju að sameinast öðrum litlum löndum og fá þannig í raun undanþágu á að fá fulla aðild að samtökunum með aðeins einn klúbb. Það myndaðist mikil umræða um þetta og var ég þá beðin um að segja frá því hvernig gengi á litla Íslandi. Heilt yfir fannst mér konur ekki á því að huga ætti að því að breyta þessum reglum og fannst flestum konum að Malta þyrfti að vera þolinmóð og óska frekar eftir hugmyndum um hvað þau gætu gert til að fjölga sér.

Annað sem farið var yfir á fundinum voru kynningar á næstu MTM fundum og AGM fundum og þeim viðburði er Spánn verður tekin inn í samtökin nú í byrjun apríl. Heilt yfir þótti mér þetta fróðlegur og skemmtilegur fundur.

Hádegishléið var notað til að plotta um það hvernig við gætum stolið einhverju skemmtilegu af öðru landi til að fá þær hingað í 30 ára afmæli Ladies Circle á Íslandi hins vegar var enga fána að sjá eða annað spennandi og var því tekið til sinna ráða á sjálfu galakvöldinu og ákveðið að fá „að láni“ fána frá stelpunum í Lúxemborg og þegar líða tók á kvöldið heppnaðist stuldurinn fullkomlega með smá hjálp frá alheimsstjórn, töluverðum hlaupum og snöggum viðbrögðum. Svo fór því að fáninn endaði í tösku sem innrituð var alla leið til Akureyrar. Nú er bara að ýta á þær frá Lúxemborg að panta sér flug og mæta á AGMið okkar til að endurheimta fánann sinn.

Eva Varalandsforseti LC á Íslandi 2017/2018